

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/1999

frá 16. júlí 1999

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/1999 frá 28. maí 1999⁽¹⁾.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/82/EB frá 27. október 1998 um breytingu á viðaukum tilskipana ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarks magn varnarefnaleifa í og á kornvörum, í og á fæðutegundum úr dýraríkinu og í og á tilteknum afurðum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0082:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/82/EB frá 27. október 1998 (Stjtið. EB L 290, 29.10.1998, bls. 25).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0082:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/82/EB frá 27. október 1998 (Stjtið. EB L 290, 29.10.1998, bls. 25).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 290, 29.10.1998, bls. 25.

„- **398 L 0082**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/82/EB frá 27. október 1998 (Stjtið. EB L 290, 29.10.1998, bls. 25).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/82/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. júlí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 16. júlí 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner